

# Atvinnublaðið

Morgunblaðið [mbl.is](http://mbl.is) FINNAQ

[atvinna@mbl.is](mailto:atvinna@mbl.is) • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, [berglindb@mbl.is](mailto:berglindb@mbl.is), 569 1246



## Sviðsstjóri samhæfingar



Matvælastofnun óskar eftir að ráða framsækinn og reyndan stjórnanda til að stýra sviði samhæfingar sem staðsett er á **Selfossi**. Leitað er að einstaklingi sem hefur leiðtogaþæfileika og áhuga á þróun, samvinnu og samskiptum við ólíka einstaklinga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. september 2024.

Samhæfingarsvið ber ábyrgð á málefnum sem snúa að heilbrigði og velferð dýra sem og matvælaöryggis og plöntuheilbrigðis og stýrir sviðsstjóri sérfræðingum stofnunarinnar í þessum málaflokkum.

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri og mannauðsmálum sviðsins
- Stuðlar að samræmingu og samvinnu milli málaflokka og við vettvangseftirlit
- Stuðlar að samvinnu við önnur svið um eftirlitsniðurstöður og samræmingu
- Ábyrgð á gæðamálum sviðsins og seta í gæðaráði stofnunarinnar
- Þátttaka í stefnumótun stofnunarinnar ásamt innleiðingu
- Samskipti við stofnanir, hagsmunaaðila og ráðuneyti
- Þátttaka í yfirstjórn stofnunarinnar

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl stjórnunarreynsla og yfirgripsmikil reynsla sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni
- Leiðtogaþæfni og geta til að skapa góða liðsheilni
- Framsýni, metnaður og drifkraftur
- Jákvætt og lausnamiðað hugarfar
- Þekking á málaflokkum stofnunarinnar er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti

Matvælastofnun er nútímaleg og framsækin þjónustustofnun sem gætir hagsmuna neytenda, dýra og plantna. Megináhersla er lögð á starfsánægju og samskipti ásamt því að vera öflugt og lifandi þekkingarsamfélag.

Við stöndum vörð um heilsu manna, dýra og plantna og aukum þannig velferð og verðmætasköpun í þágu þjóðarinnar.

Til að rækta það er áhersla lögð á að búa yfir bestu þekkingu á matvælaöryggi, heilbrigði og velferð dýra ásamt því að ástunda traust, vandað og áhættumiðað eftirlit. Starfsfólk Matvælastofnunar vinnur í anda gilda stofnunarinnar um **fagmennsku, gagnsæi og traust**.

Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Um er að ræða fullt starf og laun samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna.

Umsóknarfrestur er til og með **18.mars 2024**.

Nánari upplýsingar veitir Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) í síma 511-1225.

**intellecta**  
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR



**intellecta**

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • [intellecta.is](http://intellecta.is)

# ALMANNAVARNIR

Viltu vinna að almannavörnum fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu?



Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS) leitar að framsýnum einstakling sem hefur áhuga og metnað til að vinna að almannavörnum fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

Slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins er framkvæmdastjóri almannavarnanefndar og eru starfsmenn almannavarnanefndar hluti af starfslíði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Starfið felur m.a. í sér að tryggja sem best velferð íbúa aðildarsveitarfélaganna með forvörnum, leiðsögn og viðbrögðum við almannavarnaástandi í samstarfi við sveitarfélögin og neyðarstjórnir þeirra.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og færni til að gegna starfinu.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Við hvetjum öll óháð kyni og uppruna að sækja um. Um er að ræða 100% starf í dagvinnu sem heyrir undir framkvæmdastjóra almannavarnanefndar.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. mars.** Sótt er um starfið á [alfred.is](http://alfred.is). Nánari upplýsingar veitir Guðný E. Ingadóttir mannauðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í síma 528 3000 eða á [gudnye@shs.is](mailto:gudnye@shs.is).

## Helstu verkefni:

- » Koma að og eftir atvikum leiða og/eða samræma ýmsa þætti sem snerta almannavarnir, s.s. fyrir neyðarstjórnir sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og aðra sem koma að samfélagslega mikilvægri þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.
- » Taka þátt í gerð hættumats sveitarfélaganna og kanna áfallapol þeirra.
- » Undirbúa viðbrögð við atburðum, s.s. með viðbragðs-áætlunum, leiðbeiningum og kennsluefni, ásamt æfingum.
- » Vinna að verkefnum í starfsáætlun AHS.
- » Starfa með neyðarstjórnnum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.
- » Taka þátt í aðgerðum og tilfallandi verkefnum þegar lýst hefur verið yfir almannavarnastigi eða í annars konar viðbragði utan almannavarnaástands.

## Hæfniskröfur:

- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- » Meistaránám kostur.
- » Haldbær reynsla eða þekking af almannakerfinu kostur.
- » Haldbær reynsla af opinberri stjórnsýslu og /eða verkefnastjórnun kostur.
- » Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi.
- » Góð samskiptafærni.
- » Jákvætt og lausnamiðað hugarfar.
- » Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg, sem og kunnátta í ensku.



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins | [www.shs.is](http://www.shs.is)

# Við leiðum fólk saman

# Auglýst er laust til umsóknar embætti ráðuneytisstjóra fjármála- og efnahagsráðuneytisins

## Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar að framsýnum og öflugum stjórnanda í embætti ráðuneytisstjóra.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fæst við fjölbreytileg viðfangsefni sem hafa snertingu við flest svið samfélagsins, í umhverfi sem er lífandi og krefjandi. Meginhlutverk ráðuneytisins felst í yfirstjórn opinberra fjármála og efnahagsmála. Ráðuneytið fer með málefni fjármálamarkaðarins, ber ábyrgð á bættum stjórnunarháttum og áætlanagerð, hefur með höndum virka stjórn mannauðsmála ríkisins og er leiðandi í umbótum og nýsköpun í rekstri ríkisins. Í ráðuneytinu eru sjö skrifstofur auk þess sem kjara- og mannauðssýsla ríkisins og Stafrænt Ísland eru hluti af ráðuneytinu. Átta stofnanir heyra undir ráðuneytið.

## Starfssvið ráðuneytisstjóra:

Starfsskyldur ráðuneytisstjóra eru víðtækar og ber viðkomandi m.a. fjárhagslega og faglega ábyrgð gagnvart ráðherra á starfsemi ráðuneytisins. Þá ber ráðuneytisstjóra að veita ráðherra upplýsingar og ráðgjöf þannig að ráðherra geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og stefnumótun og sé vel upplýstur varðandi þau mál sem unnið er að.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

Ráðuneytisstjóri þarf að vera framsýnn og skapandi í hugsun auk þess að hafa þekkingu og skilning á þeim þáttum sem áhrif hafa á starfsemi ríkisins. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir ríkri hæfni í samskiptum og samvinnu og hefur metnað til að taka þátt í að leiða Ísland til aukinnar hagsældar. Ráðuneytisstjóri þarf að vinna af heilindum að innleiðingu stefnu stjórnvalda hverju sinni, með hag samfélagsins að leiðarljósi.

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, embættis- eða meistaraþróf er skilyrði.
- Leiðtogahæfileikar, framsýni og árangursrík stjórnunarreynsla.
- Mjög góð þekking og reynsla á sviði reksturs, fjármála og mannauðsmála.
- Reynsla af stefnumótun og áætlanagerð
- Haldgóð þekking á málefnasviðum ráðuneytisins
- Mjög góð samskiptahæfni ásamt hæfni til að miðla upplýsingum og tjá sig í ræðu og riti.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta.

Fjármála- og efnahagsráðherra, fer með yfirstjórn ráðuneytisins og ber ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum þess. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

Nánari upplýsingar má finna á QR-kóðanum hér til hliðar.



## Umsóknir:

Upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Valdimarsdóttir mannauðsstjóri ([ragnheidur.valdimarsdottir@fjr.is](mailto:ragnheidur.valdimarsdottir@fjr.is)).

Áhugasamir einstaklingar eru hvattir til að sækja um.

Umsókn skal vera skrifleg og henni skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir hæfni viðkomandi til að gegna embættinu. Umsókn skal skila rafrænt á netfangið [fjr@fjr.is](mailto:fjr@fjr.is) eða til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Arnarhvoli v/Lindargötu, 101 Reykjavík, eigi síðar en **7. mars 2024**.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



Stjórnarráð Íslands  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Komdu austur í sveitasæluna!

Það er kannski ekki enn á allra vitorði en í Fljótsdal á Austurlandi er best að vera. Það er að segja ef þú kannst að meta veðursæld, náttúruvegur, kyrrð og samfélag sem tekur öllu fólki opnum örmum.

Fljótsdalshreppur leitar að metnaðarfullum verkefnastjóra sem getur hjálpað okkur að taka á móti ferðamönnum við náttúruperluna Hengifoss, einn vinsælasta áfangastað Austurlands.

Vinnuaðstaða verkefnastjóra verður í glænýju þjónustuhúsi við Hengifoss sem opnar í vor.

## Starfið

- Halda utan um og þróa rekstur þjónustuhúss, bílastæða og útivistarsvæðis
- Verkstjórn og þróun á þjónustu við ferðamenn
- Viðhald á göngustígum og öðrum innviðum
- Halda svæði hreinu og snyrtilegu
- Leiðsögn um svæðið
- Önnur verkefni sem sveitarfélagið kann að fela verkefnastjóra

## Hæfniskröfur

- Ferðamálanám á háskólastigi er æskilegt og/eða önnur háskóla-eða verkmenntun sem nýst gæti í starfi
- Mikið frumkvæði og gott vald á verkefnastjórnun
- Góð samskiptahæfni
- Framúrskarandi þjónustulund
- Jákvæður og drifandi persónuleiki
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Landvarðaréttindi og reynsla af landvörslu er kostur



Umsóknir sendar fyrir 20. mars á skrifstofu Fljótsdalshrepps, Végarði, 701 Egilsstaðir. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélaga. Upplýsingar veitir Helgi Gíslason sveitarstjóri í síma 8644228 og fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is | [www.fljotsdalur.is](http://www.fljotsdalur.is)



## Þjónustufulltrúi - Sumarstarf

Við leitum að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingi í fullt starf í þjónustuver Árvakurs í sumar. Um er að ræða fjölbreytt og lifandi starf.

**Helstu verkefni:**

- Símsvörun
- Þjónusta og úrlausn erinda áskrifenda
- Móttaka auglýsinga
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sambærulegu starfi er kostur
- Almenn tölvukunnátta
- Jákvæðni, samskiptalipurð og góð þjónustulund
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum

**Umsóknarfrestur 15.03.2024**

**Nánari upplýsingar veitir**  
María Lilja Moritz Viðarsdóttir, þjónustustjóri, í síma 569 1306 eða í tölvupósti á [marialilja@mbl.is](mailto:marialilja@mbl.is)



<https://jobs.50skills.com/arvakur/is/26546>

[mbl.is](http://mbl.is) Morgunblaðið K100



## Vantar þig fagmann?

### FINNA.is

**FINNA Q**  
ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA

# Forstöðumaður Fjármála og greiningar

Háskólinn á Akureyri  
University of Akureyri

Laust er til umsóknar starf forstöðumanns Fjármála og greiningar við Háskólann á Akureyri. Um er að ræða fullt starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf þann 1. júní 2024.

Forstöðumaður Fjármála og greiningar er lausnamiðaður einstaklingur sem þrífst vel í síbreytilegu umhverfi með margbreytilegar áskoranir. Starfið gerir kröfu um mikla aðlögunarhæfni, leikni til að sameina sjónarmið ólíkra hópa sem og að vinna með og hlúa að eigin teymi.

Forstöðumaður ber ábyrgð á starfsemi Fjármála og greiningar, þjónustu þess og samstarfi við aðila innan og utan háskólans. Forstöðumaður hefur umsjón með áætlanagerð fyrir háskólann í heild sinni, stofnanir sem honum tilheyra og ber fjárhagslega ábyrgð á sínu sviði. Hann samræmir og hefur með höndum yfirumsjón og ábyrgð á heildarþróun og ber ábyrgð á innheimtumálum. Fjármál og greining veitir stjórnendum og starfsfólki háskólans ráðgjöf í tengslum við áætlanagerð, fjármál og kjaramál og heldur utan um kjara- og stofnanasamninga. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri Háskólaskrifstofu og er forstöðumaður staðgengill hans. Starfsstöðin er á háskólasvæðinu á Akureyri.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnun og samræming á verkefnum Fjármála og greininga.
- Starfsmannamál Fjármála og greininga.
- Ber ábyrgð á gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana fyrir háskólann í heild.
- Ber ábyrgð á heildarþróun og innheimtu.
- Ber ábyrgð á úrvinnslu launa starfsmanna.
- Kostnaðareftirlit, innheimta og fjárreiðustýring.
- Umsjón með gerð ársreikninga.
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur varðandi fjármál og áætlanagerð.
- Þróun og innleiðing nýjunga á sviði fjármála og greininga.

## Hæfniskröfur

- Háskólapróf á meistarastigi, með áherslu á stjórnun og fjármál, eða samsvarandi sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Farsæl reynsla af stjórnun.
- Þekking og reynsla af áætlanagerð og kostnaðargreiningu.
- Þekking á starfsemi háskóla er æskileg.
- Þekking á íslensku stjórnkerfi og opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Góð færni í íslensku og ensku er nauðsynleg.
- Góð tölvu- og tækniþekking. Þekking á bókhaldskerfi ríkisins er kostur.
- Frumkvæði og forystuhæfni.
- Skipulögð og vönduð vinnubrögð, reglufylgni og áreiðanleiki.
- Frjó hugsun, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Jákvætt og áhrifaríkt viðmót.

Umsóknarfrestur er til og með 11.03.2024

Nánari upplýsingar veitir Hólmur Erlu Svansson, [holmar@unak.is](mailto:holmar@unak.is), sími 773 8584.



Atvinnuauglýsingar · [mbl.is](http://mbl.is)



**Þórkatla**  
eignaumsýslufélag

Þórkatla ehf. er eignaumsýslufélag í eigu ríkisins sem hefur það hlutverk að annast kaup, umsýslu og ráðstöfun íbúðarhúsnæðis í Grindavíkurbæ.

## Framkvæmdastjóri

**Eignaumsýslufélagið Þórkatla** leitar að framsýnum og reyndum stjórnanda til að leiða starfsemi félagsins sem hefur það hlutverk að kaupa íbúðarhúsnæði í Grindavík og bera ábyrgð á rekstri þess fyrir hönd ríkissjóðs.

Framkvæmdastjóri skal hafa skýra sýn á undirbúning og framkvæmd verkefna félagsins, frumkvæði og metnað til að sýna árangur og kraft til að hrinda verkefnum í framkvæmd. Viðkomandi þarf að hafa hæfni í samskiptum og samvinnu, breiða þekkingu og reynslu til að ná árangri í þágu samfélagsins.

### Starfssvið:

- Ábyrgð á uppbyggingu félagsins, daglegum rekstri og stjórnun.
- Talsmaður eignaumsýslufélagsins Þórkotlu.
- Yfirumsjón með samræmingu verkefna og mat á forgangsroðun.
- Yfirumsjón með samningagerð við hagaðila.
- Samskipti við hagaðila.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf skilyrði, meistaraþróf er kostur eða sambærileg reynsla sem nýtist í starfi.
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Árangursrík reynsla af stjórnun, rekstri og áætlanagerð.
- Reynsla af fasteignaumsýslu og/eða rekstri umfangsmikilla verkefna.
- Reynsla af samningagerð.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Mjög góð færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku er nauðsynleg.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Við hvetjum öll áhugasöm, óháð kyni og uppruna, til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. mars nk.**

Sótt er um starfið á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).

Umsjón með starfinu hafa **Auður Bjarna-dóttir** ([audur@vinnvinn.is](mailto:audur@vinnvinn.is)) og **Hilmar Garðar Hjaltason** ([hilmar@vinnvinn.is](mailto:hilmar@vinnvinn.is)).

**vinnvinn**  
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

## Leitum að leiðtoga bókhaldsteymis

Eignaumsjón leitar að áhugasömum og lausnamiðuðum aðalbókara til starfa í lifandi og skemmtilegu starfsumhverfi. Aðalbókari ber ábyrgð á bókhaldi og reikningshaldi viðskiptavina félagsins og er leiðtogi bókhaldsteymis.

Eignaumsjón vinnur að þróun á nýju bókhalds- og uppgjörskerfi og verður aðalbókari í mikilvægu hlutverki við þróun þess og innleiðingu.

### Helstu viðfangsefni

- Ábyrgð á gæðum bókhalds og uppgjöra viðskiptavina
- Skipulagning og tímaáætlanir teyma
- Framkvæmd rekstraruppgjöra viðskiptavina
- Gerð og yfirferð ársreikninga viðskiptavina
- Markmiðasetning teyma og eftirfylgni með árangri
- Útgáfa reikninga fyrir Eignaumsjón
- Þátttaka í þróun upplýsingakerfis og verkferla

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði fjármála- eða viðskiptafræði
- Haldbær reynsla sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Fagmennska, sjálfstæð vinnubrögð og nákvæm vinnubrögð
- Góð samskiptafærni, lipurð og jákvætt viðmót
- Góð þekking á Excel
- Þekking á DK bókhaldskerfi er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta



Eignaumsjón hf. er umsvifamesta fyrirtæki landsins í þjónustu við hús- og rekstrarfélög. Það er brautryðjandi í þessari þjónustu hér á landi og hefur umsjón með daglegum rekstri 900 félaga með um 20.000 eignarhlutum.

Fjármálasvið er eitt af megin sviðum fyrirtækisins og annast fjármálaþjónustu til viðskiptavina.

Undir fjármálasvið fellur bókhald, gjaldkerar, innheimta og annar stuðningur og er starfsfólk sviðsins 16 talsins, þar af sex í bókhaldi auk aðalbókara.

Eignaumsjón hlaut viðurkenningu VR sem fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2023 og 2022, er á lista Viðskiptablaðsins og Keldunnar yfir fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2022 og 2023 og hlaut viðurkenningu HR Monitor sem mannauðshugsandi fyrirtæki 2022 og 2023.


Nánari upplýsingar um Eignaumsjón má finna á [eignaumsjon.is](http://eignaumsjon.is).



Sótt er um starfið  
á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með **4. mars nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veita Þórdís Sif Arnarsdóttir, [thordis@hagvangur.is](mailto:thordis@hagvangur.is), og Sverrir Briem, [sverrir@hagvangur.is](mailto:sverrir@hagvangur.is).



## VERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR Í FRAMLEIÐSLUTEYMI FERRO ZINK

Ferro Zink ehf óskar eftir að ráða öflugan starfsmann í framleiðsluteymi félagsins. Starfsmaður þarf að vera tilbúinn að takast á við fjölbreytt, skemmtileg og krefjandi verkefni með góðri liðsheild. Ef þú ert framsækinn og faglegur aðili með gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- » Menntun á sviði vélaverkfræði - eða véltæknifræði
- » Færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- » Reynsla af vinnu í Auto-Cad og tengdum hugbúnaði
- » Góð íslensku- og enskukunnátta
- » Góð tölvukunnátta
- » Metnaður til að ná árangri í starfi

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Sala og tilboðsgerð og verkefnastýring því tengt
- » Kostnaðar-, gæða- og framvinduefirlit
- » Innkaupa- og áætlanagerð
- » Hönnunar- og teiknivinna og vörubrún því tengt
- » Þátttaka í teymisvinnu

Fyrir frekari upplýsingar sendið póst á Steinar Magnússon, framleiðslustjóra, steinar@ferrozink.is eða Magnús, framkvæmdastjóra, magnus@ferrozink.is

Starfsstöð getur verið í Hafnarfirði eða á Akureyri



**BETRI BÍLAR ehf.**  
BÍLAVERKSTÆÐI

## BIFVÉLAVIRKI

Bifreiðavekstæðið Betri bílar leita eftir fjölhæfum og góðum bifvélavirkja sem getur hafið störf í vor eða í síðasta lagi í ágúst 2024.

### Starfslýsing:

- Vinna við allar almennar bílaviðgerðir.
- Leysa af í verkstæðismóttöku og verkstjórn.

### Hæfniskröfur:

- Getur unnið sjálfstætt.
- Góður í mannlegum samskiptum.
- Hefur góða almenna þekkingu á bílaviðgerðum.
- Hefur góða þekkingu á rafkerfi bifreiða.
- Reglusamur.
- Góð enskukunnátta.
- Þarf að tala og skrifa mjög góða íslensku.

Óskum einnig eftir

**nema í bifvélavirkjun,**

með einhverja reynslu, til sumarafleysingar

Betri bílar hafa starfað síðan 1991, er með fjóra starfsmenn á gólfi og sérhæfir sig í bílamerkjum frá Heklu.

Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast hafið samband við Atla hjá Betri bílum, sími 568 1411 eða sendið póst á betribilar@simnet.is.

**mbl.is** - Færir þér fréttirnar



**HÚSASMIÐJAN**

# FYRIR ÞIG




Vilt þú vera með okkur í liði?

## Rekstrarstjóri í Hafnarfirði

Húsasmiðjan leitar að metnaðarfullum leiðtoga til þess að reka verslun okkar í Hafnarfirði. Við leitum að einstaklingi sem brennur fyrir þjónustu og fólki, er söludrifinn og hefur jákvætt hugarfar. Megin ábyrgð rekstrarstjóra er rekstur verslunar, skipulag og stýring á daglegri starfsemi ásamt því að skapa og viðhalda viðskiptatengslum.

Húsasmiðjan er leiðandi á bygginga-vörumarkaði og er með sterk og vönduð vörumerki. Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir réttan aðila til að vera þátttakandi í frekari uppbyggingu á örum og spennandi markaði.

### Helstu verkefni:

- Skipulagning og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri
- Bein söluráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini ásamt tilboðsgerð
- Sköpun og eftirfylgni viðskiptasambanda
- Umsjón með innkaupum og birgðahaldi
- Umsjón með starfsmannamálum
- Stuðla að jákvæðum starfsanda og starfsumhverfi

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stjórnunarreynsla og hæfni til að leiða fólk til árangurs
- Framúrskarandi samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð þekking á verslunarrekstri og/eða á byggingavörumarkaði
- Reynsla af sölustörfum, sölustjórnun og viðskiptatengslum er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta



Skannaðu kóðann og skoðuðu starfið

**Gildin okkar**  
**Áreiðanleiki**  
**Þjónustulund**  
**Þekking**

**Við hvetjum öll áhugasöm til þess að sækja um, óháð kyni.**

Nánari upplýsingar um starfið gefur Guðrún Tinna framkvæmdastjóri verslanasviðs á tinna@husa.is

Sótt er um á ráðningarvef Húsasmiðjunnar [www.husa.is/laus-storf](http://www.husa.is/laus-storf). Umsóknarfrestur til 24. mars 2024

Við leggjum ríka áherslu á liðsheild og góð samskipti og í Húsasmiðjunni ríkir skemmtilegur og líflægur starfsandi. Starfsmannafélag Húsasmiðjunnar er mjög öflugt og stendur fyrir fjölbreyttum og skemmtilegum uppákomum yfir árið.



# Skólastjóri Þingeyjarskóla



Staða skólastjóra við Þingeyjarskóla er laus til umsóknar. Um er að ræða afleysingarstöðu til eins árs, vegna námsleyfis skólastjóra, frá og með 1. ágúst 2024 til 31. júlí 2025. Leitað er að öflugum og framsýnum leiðtoga sem er tilbúinn til að leiða þróttmikið skólastarf og taka þátt í öflugum skólasamfélagi.

Þingeyjarskóli er í Aðaldal í Þingeyjarsveit. Skólinn er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með rúmlega 100 nemendum, þar af um 30 nemendum í tveimur leikskóladeildum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra. Rík tónlistarhefð er við skólann og öflug stoðþjónusta.

## Starfssvið skólastjóra:

- Ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi
- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Ábyrgð á samstarfi við heimili og samfélag

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Umsækjandi skal hafa leyfi til að nota starfsheitið kennari og reynslu af kennslu á grunnskólastigi.

- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar er æskileg.
- Reynsla af rekstri, stjórnun og þróunarstarfi er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður, skipulagshæfni og leiðtogaþæfileikar.

Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra sýn í skólamállum, er metnaðarfullur, skapandi og áhugasamur um nærsamfélagið. Skólastjóri skal vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi. Hann starfar í nánu samstarfi við sviðsstjóra og aðra stjórnendur sem heyra undir fjölskyldusvið og tekur þátt í verkefnum sem snúa að þróun í skólamállum í Þingeyjarsveit. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjóraráðs Íslands.

## Umsóknarfrestur er til og með 5. mars nk.

Nánari upplýsingar veitir Ásta F. Flosadóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs í síma 512 1803 og á netfangið [asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is](mailto:asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is).

Umsóknum sem greina frá menntun og fyrri störfum ásamt kynningarbréfi og afriti af leyfisbréfi skal skila í tölvupósti á netfangið [asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is](mailto:asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is).

# Raðauglýsingar

## Ferðalög

## FUNDARBOÐ

Aðalfundur Krýsuvíkursamtakanna, kt. 610486-1699, og Meðferðarheimilisins Krýsuvík, kt. 560991-1189, verða haldnir sameiginlega í Hafnarborg, Strandgötu 34, 220 Hafnarfirði kl. 17:00 þann 20. mars 2024.

### Á dagskrá fundanna verða eftirfarandi mál:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Sameiginleg skýrsla stjórnar um starfsemi félaganna árið 2023 lögð fram
- Ársreikningar félaganna fyrir árið 2023 lagðir fram til samþykktar
- Kosningar fulltrúaráðsmanna í fulltrúaráð
- Kosningar endurskoðenda
- Önnur mál

Tillögur frá félagsmönnum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnanna eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá og ársreikningar félaganna munu liggja frammi á skrifstofu félaganna félagsmönnum til sýnis fimm dögum fyrir aðalfund.

Samhliða aðalfundi er haldinn fulltrúaráðsfundur og því verður ein sameiginleg fundargerð útbúin fyrir fundina.

Fundarboð þetta er sent skráðum félagsmönnum í Krýsuvíkursamtökunum og Meðferðarheimilinu Krýsuvík ásamt því að vera birt opinberlega á heimasíðu félaganna og í einu viðlesnu dagblaði með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Félagsmenn geta nálgast fundargögn rafrænt viku fyrir aðalfund, með því að senda fyrirspurn á [elli@krysuvik.is](mailto:elli@krysuvik.is). Fundargögnin verða einnig afhent á aðalfundinum.

Hafnarfjörður, 29. febrúar 2024,  
Stjórn Krýsuvíkursamtakanna og  
Meðferðarheimilisins Krýsuvík.

## Félagsstarf eldri borgara

**Aflagrandi 40** Vinnustofa og hreyfisalur lokaður vegna framkvæmda – Morgunspjall, heitt á könnunni kl. 9-11 – Ukulele, ókeypis kennsla og hljóðfæri á staðnum kl. 10– Hádegisverður kl. 11:30 – 12:30 – Virkninámsskeið kl. 13-15 – Söngfluglarnir, laus pláss í allar raddir kl. 13: Bókaklúbbur kl. 13:15 – Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:20 – Húsið lokar kl. 15:45 – Nánari upplýsingar í síma 411 2701 - Verið öll velk

**Árskógar 4** Smíðastofa með leiðbeinanda kl. 9-16. Gönguhópur kl. 10. Samvera með presti kl. 10:30. Handavinna kl. 12:30-16. Myndlist með Elsu kl. 13. Bónusbíllinn, fer frá Árskógum 6-8 kl. 12:45. Líkamsræktarhornið opið. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Spurningakeppni kl. 14. Kaffisala kl. 14:45-15:30. Allir velkomnir óháð búsetu og aldri. Sími: 411-2600.

**Boðinn** Fimmtudagur 29. febrúar: Bridge og Kanasta kl. 13. Sundlaugin opin frá kl. 13:30-16.

**Dalbraut 18-20** Handavinnusamvera kl.10.

**Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31** Kaffisopi og spjall kl. 8:30-11:00. Gæðastund með hannyrðir kl. 9-12. Hádegismatur 11:30-12:30. Myndlistarhópur Selmu kl. 13-15:45. Dónsum með göngugrundurnar og Matthildi kl. 13:30-14:30. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:30.

**Garðabær** 8.30 Pool-hópur í Jónshúsi 9. Listmálun í Smiðju 10. Ganga frá Jónshúsi 10. Qi-Gong í Sjálandssk. 11. Stóla-jóga í Sjálandssk. 13. Njálulestur 13. Handavinnuhorn í Jónsh. 11.15 Boccia í Ásgarði 13.20-15.40 Kaffiveitingar í Jónshúsi 13 Listmálun í Smiðju **Gerðuberg** Fimmtudagur 29 febrúar Opin vinnustofa í Búkkollulaut frá kl. 8:30 (heitt á könnunni) Línudans kl.11:00 Bútasamur kl. 13- 16. Öll velkomnir, óháð aldri og búsetu

**Hraunsel** Fimmtudaga: Billjard: Kl. 8-16. Dansleikfimi kl. 9. Qi Gong: Kl. 10.7Pílukast kl. 13:00. Alltaf heitt á könnunni í boði FEBH.

**Hvassaleiti 56-58** Morgunkaffi og spjall frá 8:30-10:30. Handavinna - opin vinnustofa 9:-16. Stóla-leikfimi kl. 10:30. Félagsvist kl. 13:10. Hádegismatur kl. 11:30 – 12:30, panta þarf fyrir hádegi deginum áður.

**Korpúlfar Borgir** Fimmtudagur: Tölunámsskeið kl. 9. Stóla-jóga með Gyðu Dis kl. 9. Styrktar og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og 11. Dagþór Haraldsson verður með ferðasögu og myndasýningu frá Argentínu og Brasilíu kl. 13. Skákhópur Korpúlfa kl. 13. Spilið Canasta fyrir byrjendur kl. 12:30 Tréutskurður á Korpúlfsstöðum kl:13. Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14.

**Samfélagshúsið Bólstaðarhlíð 43** Morgunkaffi 10. Vitamín í Valsheimilinu 10. Memmm fjölskyldustund 13-15:00. Samprjón 13- 14:30. Myndlist með Margréti 12:30 – 15:30. Opið kaffihús 14:30 – 15:30, allir velkomnir.

**Samfélagshúsið Vitatorgi** Bókband í smiðju kl. 9:-12:30. Opin handverksstofa kl. 9-10. Námskeið fyrir konur af erlendum uppruna kl. 10-12:30. Vitamín í Val - ókeypis líkamspjálfun í Valsheimilinu að Hlíðarendu kl. 10-11. Kvikmyndasýning í setustofu kl. 12:45-14:30. Opin handverksstofa kl. 13-16. Teboð að breskum hætti kl. 14 í handverksstofunni. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16-18.

**Samfélagshúsið Vitatorgi** Bókband í smiðju kl. 9-12:30. Opin handverksstofa kl. 9-10. Námskeið fyrir konur af erlendum uppruna kl. 10-12:30. Vitamín í Val - ókeypis líkamspjálfun í Valsheimilinu að Hlíðarendu kl. 10-11. Kvikmyndasýning í setustofu kl. 12:45-14:30. Opin handverksstofa kl. 13-16. Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16-18.

**Seltjarnarnes** Vatnsleikfimi í sundl. kl. 7.10. Kaffikrókur á Skólbraut kl. 9. og jóga/leikfimi kl. 11. Léttar æfingar og pútt á Austurstroönd 5 í dag kl. 10.30. Allir velkomnir. Karlakaffi í safnaðarheimilinu kl. 14. Aðalfundur félags eldri borgara verður haldinn í dag kl. 16. í sal félags og tómsundaraðstöðunnar að Skólbraut 3-5. Venjuleg aðalfundarstörf. Veitingar. Hvetjum fólk til að fjölmenna.



# FORFALLA KENNARI

## Vantar forfallakennara í Kirkjubæjarskóla á Síðu

Vegna veikinda vantar forfallakennara í allar greinar, út mars eða lengur eftir samkomulagi. Þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

### Menntunar og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu (leyfisbréf fylgi umsókn)
- Sérhæfing á grunnskólastigi
- Lágmark 90 námseiningar á einu sviði aðalnámsskrár og menntunarfræði grunnskóla
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta og þekking á Infomentor
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum ásamt metnaði í starfi og sjálfstæðum vinnubrögðum
- Reynsla af starfi í grunnskóla og/eða starfi með börnum/ungmönnum er æskileg

Kirkjubæjarskóli er grunnskóli í Skaftárhreppi fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Í skólanum er lögð áhersla á lykilateikni aðalnámsskrár, jákvæð samskipti og vináttu allra í skólanum. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur nýti hæfileika sína og getu til náms eins og frekast er unnt. Kirkjubæjarskóli er heilsueflandi grunnskóli og í haust hófst vinna við innleiðingu jákvæðs aga í skólastarfi.

### Nánari upplýsingar

Katrín Gunnarsdóttir, skólastjóri

Sími: 487 4633 og hjá skólastjóri@klaustur.is

### Umsóknarfrestur er til 1. mars nk.

[klaustur.is](http://klaustur.is)

## Styrkir

Styrkir  
til samgönguleiða

Samkvæmt 25. gr. vegalaga nr. 80/2007 er heimilt í samgönguáætlun að ákveða fjárveitingu til að styrkja tiltekna samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum.

Vegagerðin auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til samgönguleiða samkvæmt nefndri lagagrein og 4. gr. reglna nr. 1155/2011 um þetta efni. Sótt er um á „minarsidur.vegagerdin.is“ og skrá umsækjendur sig inn með rafrænum skilríkjum eða íslykli. Umsóknum skal skilað eigi síðar en 22. mars 2024.

Nánari upplýsingar má finna á vef Vegagerðarinnar [www.vegagerdin.is/thjonusta](http://www.vegagerdin.is/thjonusta)

## Tilkynningar

AUGLÝSING  
UM SVEINSPRÓF

Sveinspróf í eftirtöldum iðngreinum verða haldin sem hér segir ef næg þátttaka næst:

## Í matreiðslu, framreiðslu, bakaraiðn og kjötiðni í maí/júní

Umsóknarfrestur er til 1. apríl.

## Í byggingagreinum í maí/júní

Umsóknarfrestur er til 1. apríl.

## Í bliksmíði í júní

Umsóknarfrestur er til 15. apríl.

## Í vélvirkjun í september

Umsóknarfrestur er til 1. júlí.

## Í veiðarfærataekni í maí/júní

Umsóknarfrestur er til 1. apríl.

## Í stálsmíði í júní

Umsóknarfrestur er til 15. apríl.

## Í snyrtifræði í október

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst.

## Í hársnyrtiðni í september/október

Umsóknarfrestur er til 1. júlí.

## Í bifreiðasmíði og bílamálun í júní

Umsóknarfrestur er 1. apríl.

## Í bifvélavirkjun í september

Umsóknarfrestur er til 1. júlí

## Í hönnunar og handverksgreinum í júní

Umsóknarfrestur er til 1. maí.

Nánari dagsetningar verða birtar á vef Iðunnar fræðsluseturs um leið og þær liggja fyrir.

Með umsókn skal leggja fram afrit af náms-samningi, lífeyrissjóðsyfirlit eða staðfestingu frá skóla úr rafrænni ferilbók og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í maí 2024.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður er mismunandi eftir iðngreinum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á vef Iðunnar [www.idan.is](http://www.idan.is) og á skrifstofunni.



Vatnagöðum 20. · 104 Reykjavík · 590 6400 · [idan@idan.is](mailto:idan@idan.is)



## Aðalfundur Sýsluvinnslunnar hf.

Verður haldinn fimmtudaginn 21. mars 2024 í Safnahúsinu, Neskaupstað, kl. 14:00.

Fundurinn verður einnig haldinn með rafrænum hætti og verður hluthöfum þannig jafnframt boðið upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum í gegnum Lumi AGM án þess að hluthafar séu viðstaddir á fundarstað.

## Dagskrá fundarins er með eftirfarandi hætti:

- Skýrsla stjórnar
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til staðfestingar
- Tekin ákvörðun um greiðslu arðs
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu
- Ákveðin þóknun til stjórnar félagsins og endurskoðunarnefndar
- Stjórnarkjör
- Kjör endurskoðenda
- Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd
- Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum
- Önnur mál, löglega fram borin

## Framboð til stjórnar:

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega um framboð til stjórnar minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 14:00 þann 16. mars 2024. Framboðum skal skila á skrifstofu Sýsluvinnslunnar hf., Hafnarbraut 6 eða á netfangið [fjarfestir@svn.is](mailto:fjarfestir@svn.is). Tilkynnt verður um framkomin framboð tveimur dögum fyrir hluthafafundinn.

Stjórnarkjör fer fram samkvæmt meirihlutakosningu á milli einstaklinga, nema réttmæt krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu komi fram frá hluthöfum er ráða minnst 1/10 hlutafjárins. Krafa þess efnis skal hafa borist stjórn félagsins fyrir kl. 14:00 laugardaginn 16. mars 2024 á tölvupóstfangið [fjarfestir@svn.is](mailto:fjarfestir@svn.is).

## Nánari upplýsingar um fundarsókn og atkvæðagreiðslu:

Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar í gegnum Lumi snjallforritið eða vefsíðu Lumi. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinn og veitir rétt til þátttöku í honum að öðru leyti. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins í Safnahúsinu eða taka þátt með rafrænum hætti, eru hvattir til að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM eða á fundinum sjálfum.

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hluthafakerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi. Uppgjör viðskipta hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð fer fram tveimur dögum eftir

Allar nánari upplýsingar um hluthafafundinn má finna á vefsíðu félagsins <https://svn.is/fjarfestar/>

Stjórn Sýsluvinnslunnar hf.



## Umhverfismat framkvæmda

Matsáætlun í kynningu

## Gilsárvirkjun í Eiðabíngi, Múlabíngi

Orkusalan hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats 6,7 MW vatnsaflsvirkjunar í Gilsá í Eiðabíngi, Múlabíngi.

**Kynning á matsáætlun:** Matsáætlunin er aðgengileg á Skipulagsgátt, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) og á vef Skipulagsstofnunar.

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn í gegnum Skipulagsgáttina eigi síðar en 27. mars 2024.

## Húsnæði óskast

## Verslunarhúsnæði í austurbænum óskast

Traust verslunarfyrrtæki með yfir 30 ára sögu óskar eftir að taka á leigu verslunarhúsnæði í austurhluta Reykjavíkur, 120-200 fermetra.

Langtímaleiga til að minnsta kosti 5 ára.

Áhugasamir sendi inn tilboð á netfangið [verslunarhusnaedi150@gmail.com](mailto:verslunarhusnaedi150@gmail.com)

## Listmunir

Leitum að verkum eftir

**Jóhannes Kjarval**  
**Alfreð Flóka**  
**Kristján Davíðsson**  
**Pórarinn B. Þorláksson**

Einnig eftir Þorvald Skúlason og Hafstein Austmann fyrir fjársterkan aðila.

Upplýsingar í síma 895 0665 eða 568 3890. [smidjanlisthus@simnet.is](mailto:smidjanlisthus@simnet.is)

**Smiðjan listhús, stofnað 1991**

Ármúla 36.

**mbl.is**

Færir þér fréttirnar